

Ákaflega mikilsverð er sú þekking, sem gerir unnt að lina þjáningar mannanna og hjálpa sjúkum líkama til að sigrast á veikindum. En þó er það víst, að verði feigðinni frá bægt sem nú vofir yfir mannkyninu, þá mun ekki þar við sitja. Ný þekking mun leiða til þess, að unnt verður að auka svo lífs-aflið, að hrörnun og veikindi verði gersamlega úr sögunni. Markmið sem stefna verður að er það, að meiri aldur þýði ávalt meiri þroska, og að lífi voru hér á jörðu verði lokið, ekki með dauða, heldur þannig, að flutst verði til fullkomnara mannfélags á einhverri annarri jarðstjörnu alheimsins. Fyrr getur ekki orðið um fullkomlega sigursælt líf að ræða, en dauðinn er sigraður. Og vilja lífsins til að vinna þann sigur er ekki hægt að efa, þó að langt virðist enn að því marki, hér á útjaðri sköpunarverksins.

4. sept. '44.

37. Fróðleg sýning og aðrar enn fróðlegri

I

Eitt og annað af því, sem mér kom í hug, er ég nokkru fyrir áramótin horfði á kvikmynd — eða réttara sagt, sá og heyrði hljómkvikmynd — virtist mér ástæða til að reyna að setja á pappírinn. — Jóhann Strauss var þarna sýndur á skemmtigöngu, og virtist þetta eiga að gefa nokkra hugmynd um það, hvernig hinn ágæti vals, sem heitir „Sögur úr Vínarskógi“, væri til orðinn. Og var nú að vísu gott að heyra það lag, en hversu fráleitt að vera að gera úr þessu skrípamynd, nota alla þessa dráttleikni og ljósatækni til að sýna náttúruna í argasta spéspegli.

Ómerkilegur þótti mér langur þáttur um töfranemandann, sem í fjarveru meistarans reynir að fremja töfra, en verður í vandræðum, þar eð hann ræður ekki við afleiðingar tilburða sinna. Og ekki bætti undirsöngurinn úr. Kom mér í hug sem oftast: hversvegna er verið að hafa um hönd það sem engin skemmtun er að, þar sem tilgangurinn er þó að skemmta og gleðja? Menn ættu að gera sér ljóst, að einungis það sem unun er að heyra, er í raun og sannleika músík. Og ekki skal því leynt, að einmitt slík unun var þarna veitt

nokkru síðar, þar sem voru dansar Tsjaíkovskís. En ekki virtist mér til bóta, að vilja með myndunum gera að haustlagi hinn yndislega blómavals, þar sem tónskáldið hefir notað fuglasöng af svo óviðjafnanlegri snilld, að langt tekur fram jafnvel því sem Mendelsohn hefir gert sömu tegundar í hinu fræga brúðkaupslagi.

II

Þá kemur sá þátturinn, sem að vísu var mjög mikilsverður, og — ásamt Tsjaíkovskilögunum — gerir að ég mundi vilja sá þessa mynd aftur. En það var jarðfræðikaflinn. Hafði þar auðsjáanlega notið vísinda við, mun betur en í hinum köflunum. Var einkar tilkomumikið að sjá gosin, hraunflóðin og hin lygilega risavöxnu skriðdýr Krítartímabilsins. Tyrannosaurus mátti þar sjá, ferlíkið Triceratops, og mörg önnur. Tyrannosaurus — stærsta og ógurlegasta landrándýrið, sem á þessari jörð hefir lifað — var þó gerður of lítill, eins og í *Encyclopædia Britannica*, hinni miklu alfræðibók, þar sem segir, að jötuneðla þessi, er gekk á afturfótunum eingöngu, en þó framhöll mjög, hafi verið 18 fet á hæð, en 38 á lengd. Í þeirri bók er einnig sagt, að *Diplodocus*, jötuneðla sem gekk á 4 fótum, hafi verið 65 fet á lengd; en beinagrindin, sem ég sá í *Kensingtonsafninu* í London, var 84 fet og 9 þml., og hefir hið lifandi dýr vitanlega verið nokkru lengra en grindin.

Sýnt var, hvernig Tyrannosaurus banar jötni, sem var talsvert stærri en hann, en jurtaæta. Manni kemur í hug, að býsna gróðursælt muni hafa verið, þar sem slíkir jötnar gátu fengið fylli sína. Mun sólin, um þeirra daga, hafa verið nokkru heitari en nú. En í sambandi við minnkandi sólarhita munu hafa orðið til upp úr skriðdýrunum þær ættkvíslir, fuglar og spendýr, sem betur gátu haldið á sér hita en forfeðurnir, og betur sótt í áttina til meiri fegurðar og meira vits. Ýmsar fróðlegar bendingar voru þarna gefnar um það, hvernig hin miklu skriðdýr liðu undir lok, og hvernig nokkrar leifar þeirra gátu farið að varðveitast. Var sýnt hvernig eitt ferlíkið gengur út á flöt, sem er raunar sandhulið yfirborð

jarðbikstjarnar, og sekkur jötunninn þar dýpra og dýpra þrátt fyrir allar tilraunir til að slíta sig uppúr.

III

Mynd eins og þessi kemur oss til að hugsa margt um það, hversu möguleikarnir eru nú orðnir miklir til að veita fræðslu á eftirminnilegan og skemmtilegan hátt. Og er illt til þess að vita, að þeir möguleikar skuli ekki vera betur notaðir. T. d. til að kenna landafræði, eða sýna oss miklu gjör og greinilegar en þarna var gert, sögu lífsins hér á jörðu, sem einmitt riður svo mikið á að vera ekki fáfróður um. Því að líkindin til að sköpuð verði betri framtíð, verða því meiri, sem menn þekkja og skilja betur fortíðina. Nefna mætti og það hversu tilkomumikið mundi vera að fá á fræðimynd að sjá hina sönnu blómálfa, en það eru fiðrildi hitabeltisskóganna, sem sum eru litfegri en jafnvel hin fegurstu blóm.

IV

Þá er ekki vert að gleyma því, að með slíkri list og leikni, sem nú er til, mætti gefa mönnum góða hugmynd um ýmiskonar framlíf. En aukinn skilningur í þeim efnum er næsta þýðingarmikill. Menn reyni til að gera sér í hugarlund, hversu stórkostlegt mundi vera að sjá á kvikmynd framlífs-sögu eins og þá, sem sögð er í Sannýal, s. 45—103. Þegar svo væri komið, að slíkar myndir væru sýndar og séðar af nægilegum skilningi, þá mundi merkileg breyting á verða. Hjálpar mundu menn þá fara að verða aðnjótandi frá framlífsjörðum; og loks mundi þar koma, að unnt yrði að sýna nokkrum fjölda rétthugsandi fólks eitthvað af því sem á framlífsjörðum er og gerist. Mundu slíkar sýningar verða afdrifameiri en nokkurn grunar ennþá.

V

Er hér nú komið að því máli, sem sérstök ástæða er til fyrir Íslendinga að gefa sem mestan gaum. Því að þjóðinni riður á að skilja, að þótt hún sé smá, og jafnvel hafi legið við borð, að hún liði alveg undir lok, þá er henni þýðingar-

mikið hlutverk ætlað í framsóknarsögu mannkyns vors. Þær sýningar gætu orðið, er íbúar framlífsjarða veittu forstöðu, og er þar vikið að einum mesta þættinum í starfi hinnar fyrirhuguðu stjörnulíffræðistöðvar. Og mun vera óhætt að segja það fyrir, að Íslendingar mundu þurfa á allri sinni gestrisni að halda, til að geta tekið á móti þeim mörgu, sem kæmu hingað til þess að skoða fyrstu stöðina af því tagi, sem komið væri upp hér á jörðu.

VI

Þegar ég lít hér út um gluggann, nál. kl. 2, sé ég Mars, Satúrn og Júpíter. Er mikill munurinn á hinum stillilega lýsandi jarðstjörnum, og hinum tindrandi sólstjörnum; en þar ber mest á hinum litbrigðum blossomandi Síríus. Það mun vera óhætt að segja, að einungis mjög lítill hluti bæjarbúa veiti þessari skrautsýningu nokkra eftirtekt. En á því athugaleysi mun hin fyrirhugaða stjörnusambandsstöð fljótt ráða bót, enda verða þar tæki til að sýna mönnum ýmsa þá dýrð himinsins, sem ekki sést berum augum. Aukin þekking á stjörnuheiminum mun mjög verða til að auðvelda þetta samband við íbúa stjarnanna, sem oss ríður svo afarmikið á að öðlast, og greiða fyrir því, að svefnstundirnar geti orðið eins og til ferða um himingeiminn, þannig að vér getum stund og stund dvalið með þeim sem dáíð hafa frá oss, og að einhverju leyti jafnvel stundað nám hjá þeim, sem þúsund sinnum meira vita en þeir sem fróðastir eru hér á jörðu. Munu þá framfarir í þekkingu verða ærið stórstígar hjá því sem verið hefir hingað til, jafnvel þessar síðustu 3—4 aldir, og hefir það þó verið mikill munur frá því sem áður var. Því að það hefir seint miðað fram á leið. Um þúsundir alda vissi enginn hér á jörðu svo mikið sem að til væru nokkrar stjörnur, og jafnvel nú, eftir að nokkur skriður er þó kominn á, gengur ekkert vel að fá menn til að skilja, að þar sem stjörnur eru, þar er framtíð vor, og að frá stjörnunum er lífið komið hingað til jarðarinnar.